# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018 - 2030 - Blöndulína, breyting á legu háspennulínu Tillaga

## Skýringar

**Landnotkun**

- Frístundabyggð (F)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opin svæði (OP)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Vatnsból (VB)

**Önnur ákvæði**

- Tengivegur/tengibraut
- Gönguleið
- Göngu- og hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, neðanjarðar
- Rafveita, fer í jörð þegar tæknilegar forsendur liggja fyrir
- Rafveita, loftlína víkur við lagningu jarðstrengs
- Byggingar

**Fornleifaskráning**

- Hverfisvernd
- Þéttbýlismörk

**Hæðarlínur**




GILDANDI AÐALSKIPULAG M.S.BR. ÖÐLAÐIST GILDI ÞANN 14. MAÍ 2018




BREYTT AÐALSKIPULAG

Bæjarstjórn Akureyrar leggur fram eftirfarandi breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018 - 2030.
Landsnet hefur óskað því að því að legu Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu, um Akureyri sé breytt. Ný lega línunnar er frá sveitarfélagamörkum að Rangárvöllum. Samhliða er gerð breyting á afmörkun helgunarsvæðis á uppdrætti og afmörkun óbyggðs svæðis. Samsvarandi breyting er gerð á afmörkun skógrækta- og landgræðslusvæðis. Landnotkunarreiturinn I16, þar sem gert var ráð fyrir tengivirki, er felldur út. Gert er ráð fyrir niðurrifi Rangárvallalínu 1 þremur árum eftir að Blöndulína 3 kemst í rekstur.
Markmið með framkvæmdinni er að bæta flutningsgetu raforkukerfisins og auka afhendingargetu.
Framkvæmdin mun tryggja stöðugleika raforkukerfisins og auka nýtni núverandi virkjana.

**Breyting á greinargerð**

Felldir eru út skilmálar í greinargerð um iðnaðarsvæði I16 fyrir tengivirki í landi Kífsár.
Kafla 2.1.27 Veitur, sem fjallar um Blöndulínu 3, er breytt á þann veg að Blöndulína 3 tengist Rangárvöllum sem loftlína. Þegar tæknilegar forsendur hafa skapast til að breyta loftlínu í jarðstreng næst Akureyri er gert ráð fyrir að línan sé lögð í jörðu að hluta leiðarinnar. Öryggis- og athafnasvæði 220kV jarðstrengs með tvö strengsett er um 20 m breytt og felur í sér byggingarbann og takmarkanir á röskun lands nema í samráði við Landsnet. Aðgengi til viðgerða á strengnum þarf að vera tryggt og takmarkanir eru á plöntun trjágróðurs.
Gert er ráð fyrir niðurrifi Rangárvallalínu 1 þremur árum eftir að Blöndulína 3 kemst í rekstur.

**Breyting á uppdrætti**

Tengivirki I16 er fellt út á uppdrætti, legu línunnar á uppdrætti er breytt og afmarkað svæði óbyggt svæði og helgunarsvæði. Samhliða er afmörkun skógræktar og landgræðslusvæðis breytt. Tákn eru sett inn fyrir þær breytingar sem verða á raflínum, sú lína sem sett verður í jörð og sú lína sem mun víkja. Á uppdrætti er sýnd er leiðbeinandi lega jarðstrengs sem verður útfærð nánar í samvinnu Akureyrarbæjar og Landsnets þar sem tekið verði tillit til annarrar landnotkunar, t.d. vega.

**Umhverfisáhrif**

Umhverfismatsferli Blöndulínu 3 lauk með áliti Skipulagsstofnunar 9. desember 2022. Hér til hliðar er samantekt áhrifa sem metin voru í umhverfismatsskýrslu.

| Framkvæmda/umhverfisþættir | Blöndulína 3 innan Akureyrar - samantekt áhrifa |
|---|---|
| Rask | Rask vegna mastraplana og slóða er áætlað 1,6 ha. |
| Helgunarsvæði | Helgunarsvæði fyrir nýja 220 kV Blöndulínu 3 er 50-85 m breitt, háð landfræðilegum aðstæðum. |
| Vistgerðir og flóra | Aðalvalkostur fer að hluta í gegnum votlendi sem lítið hefur verið raskað, sem og raskað votlendi og grasengjar. |
| Jarðmyndanir | Þessi kafli Blöndulínu 3 hefur ekki yfir að ráða jarðminjum með verndargildi. |
| Fuglalíf | Áhrif á fuglalíf innan Akureyrar eru talin óveruleg. |
| Vatnalíf | Áhrif á vatnalíf innan Akureyrar eru talin óveruleg. |
| Fornleifar | Unnt verður að forðast rask á fornleifum. |
| Landslag og ásýnd | Bein áhrif loftlínu eru talin miðlungs, sjónræn áhrif miðlungs til mikil og varanleiki áhrifa mikill. Niðurtekt Rangárvallalínu 1 dregur úr samlegðaráhrifum með öðrum línum. |
| Ferðaþjónusta og útivist | Áhrif á ferðaþjónustu og útivist innan Akureyrar eru talin óveruleg. |
| Landbúnaður og skógrækt | Athugun á landbúnaði og skógrækt náði ekki til einstakra landareigna. |
| Atvinnuþróun og samfélag | Ástand með tilliti ótiltækis og áreiðanleika kerfis mun batna til muna með tilkomu Blöndulínu 3. |
| Heilsa, öryggi og vatnsgæði | Áhrif eru metin óveruleg fyrir loftlínu. Hávaði v. Blöndulínu 3 fer ekki yfir hávaðamörk við húsvegg, 40dB. Í 200m fjarlægð er hávaði kominn niður í 10dB. |
| Náttúruvá og rekstraröryggi | Ekki talin hætta vegna náttúruvár innan sveitarfélagamarka Akureyrar. |
| Náttúruvá og persónuöryggi | Lítil áhætta innan sveitarfélagamarka Akureyrar með tilliti til persónuöryggis. |
| Loftslag | Áhrif á loftslag innan Akureyrar eru talin óveruleg. |

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI HEFUR FENGIÐ MÁLSMEÐFERÐ SKV. 1. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010.

VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN ____________________

______________________________

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN ÞANN______________

______________________ ______________________



AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018 - 2030
SÉRUPPDRÁTTUR
AKUREYRI - ÞÉTTBÝLI
STAÐSETNING BREYTINGAR




Grunnkort: UMSA
Myndmældur hæðarlínugrunnur
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ÍSNET 93
Mælikvarði A2: 1:10.000

Unnið fyrir: Akureyrarbæ
Unnið af: Landslag ehf

LANDSLAG

Aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030
Séruppdráttur - Akureyri - Þéttbýli
Efni breytingar: Breytt lega Blöndulínu 3
Dags: 11. nóvember 2024